Mannréttindaráð

Reykjavík, 2. maí 2025
MSS23010175

**Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: tíma- og verkáætlun 2025 og staða verkefnis**

Meðfylgjandi er tíma- og verkáætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2025.

Óskað er eftir að tíma- og verkáætlunin sé lögð fram og staða verkefnisins kynnt á fundi mannréttindaráðs.

Virðingarfyllst,
Sigríður Finnbogadóttir
*Miðlæg stjórnsýsla*
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*

Hjálagt:
Tíma- og verkáætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar 2025
Kynning

Reykjavík

Reykjavík, 02.05.2025
MSS23010175

# Tíma- og verkáætlun árið 2025

## Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS)

| Mánuður | Verkefni | Ábyrgð | Dags. |
|---|---|---|---|
| Janúar | **Fundur með öllum starfshópum fag- og kjarnasviða** þar sem þau kynna vinnu fyrra árs fyrir verkefnastýru og starfshópum hinna sviðanna (niðurstöður greininga, framkvæmd skimana og vinnslu jafnréttismats). | Verkefnastýra KFS | 15. jan |
| Febrúar | **Námskeið** um jafnréttisskimanir fyrir starfsfólk. | Verkefnastýra KFS | 10. feb |
| | **Vinnufundur** með KFS starfshópum. | Verkefnastýra KFS | 18. feb |
| Mars | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttindaráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttindaráð | 27. mars |
| | Skil á **greinargerð** um framkvæmd KFS samhliða skilum á ársreikningi Reykjavíkurborgar. | Verkefnastýra KFS | 31. mars |
| September | **Námskeið** um greiningar þjónustuþátta fyrir starfsfólk. | Verkefnastýra KFS | 17. sept |
| | **Stöðu- og umbótafundur** FAS og MAR varðandi KFS | Verkefnastýra KFS, MAR og FAS | 15. sept |
| Október | Staða KFS verkefna kynnt á fundi mannréttindaráðs. Verkefnastýra KFS kynnir. | Mannréttindaráð | október |

Reykjavík

8.maí 2025

# Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

**Stöðukynning fyrir mannréttindaráði**

Sigríður Finnbogadóttir, verkefnastýra

# Þetta snýst um



## Jafnrétti

Að opinber stefnumótun og ákvarðanataka viðurkenni að staðan er ójöfn og taki skref til að leiðrétta hana



## Réttlæti

Að greina áhrif á fjölbreytta hópa í samfélaginu, taka mið af ólíkum þörfum fólks og bregðast við ef gjörðir okkar eru taldar hafa neikvæð áhrif



## Skilvirkni

Með því að taka upplýstar ákvarðanir, sem byggja á þekkingu á stöðu og þörfum fólks, eru meiri líkur á að aðgerðir skili þeim árangri sem er lagt upp með

# Hlutverk kjörinna fulltrúa

**Kjörnir fulltrúar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í framkvæmd KFS**

- Taka ákvarðanir um tekjuöflun og útgjöld borgarinnar og því í lykilhlutverki þegar kemur að því að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar við forgangsröðun og ákvarðanatöku
  - Gæta að því að ákvarðanir séu teknar með upplýstum hætti
- Jafnréttisskimanir eiga að fylgja málum þegar þau eru tekin fyrir
  - Ef jafnréttisskimun fylgir ekki ætti að kalla eftir henni
  - Ef tilefni er til má kalla eftir dýpra mati í kjölfarið




Upplýsingarit fyrir kjörna fulltrúa

# Ábyrgðarskipting

**Borgarstjórn**

ber ábyrgð á að kynja- og jafnréttis-sjónarmið og niðurstöður jafnréttis-skimana/mata séu höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku

**Borgarráð**

ber ábyrgð á að fjallað sé um jafnréttisáhrif verkefna

**Fagráð**

bera ábyrgð á að kynja- og jafnréttis-sjónarmið séu höfð til grundvallar við mótun verkefna og liggi fyrir við afgreiðslu mála. Þau staðfesta áætlanir sviða um greiningar og framkvæmd og taka ákvörðun um aðgerðir í kjölfar greininga á þjónustuþáttum

**Mannréttindaráð**

fylgir eftir framkvæmd KFS, gegnir stefnumarkandi hlutverki, sinnir eftirliti og setur fram hugmyndir um aðferðafræði til að nýta við framkvæmdina

# Jafnréttisskimun og jafnréttismat

## Undirbúningur fjárhagsáætlunar

- Jafnréttisskimun og –mat á tillögum að nýjum verkefnum.
- Kallað eftir í janúar, skilað um miðjan apríl.
- Ef verkefni hljóta áframhaldandi brautargengi ætti að framkvæma jafnréttismat

## Undirbúningur fjárfestingaráætlunar

- Jafnréttisskimun og –mat á tillögum að nýjum verkefnum
- Kallað eftir í upphafi árs, skilað fyrir lok apríl
- Horft til niðurstaðna skimana við forgangsröðun
- Samþykkt verkefni ættu að vera jafnréttismetin

## Viðaukar við samþykkta áætlun

- Jafnréttisskimun og –mat v. breytinga á samþykktri áætlun
- Yfir árið, þegar viðaukar eru teknir fyrir

# Greiningar þjónustuþátta




Alls hafa 68 þjónustuþættir borgarinnar verið greindir með aðferðafræði KFS

# Greiningar þjónustuþátta 2024

| Svið | Greining |
| --- | --- |
| MÍR | Aðsókn grunnskólabarna á viðburði á söfnum borgarinnar í haustfríi 2023 |
| SFS | Skólahljómsveitir |
| ÞON | Upplýsingatækni – þjónusta |

# Aðsókn grunnskólabarna á viðburði í hausfríi 2023



# Skólahljómsveitir

**Fjöldi í hljómsveitum**

559 nemendur

**Fjöldi á biðlista**

379 nemendur

### Nemendur




### Kennarar




### Stjórnendur



# Úthlutun tölvubúnaðar

| SVIÐ | Meðalárgjald | | Miðgildi árgjalds | | Munur á meðalárgjaldi milli kynja* |
|---|---|---|---|---|---|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | |
| FAS | 116.141 kr. | 117.722 kr. | 74.304 kr. | 107.369 kr. | 1.581 kr. |
| MOS | 99.102 kr. | 120.742 kr. | 107.369 kr. | 107.369 kr. | 21.640 kr. |
| MSS | 111.821 kr. | 105.500 kr. | 107.369 kr. | 107.369 kr. | 6.321 kr. |
| MÍR | 125.664 kr. | 109.478 kr. | 107.369 kr. | 74.304 kr. | 16.186 kr. |
| SFSF | 86.381 kr. | 86.683 kr. | 74.304 kr. | 74.304 kr. | 302 kr. |
| SFSG | 86.967 kr. | 87.985 kr. | 74.304 kr. | 74.304 kr. | 1.081 kr. |
| SFSL | 72.948 kr. | 89.814 kr. | 74.304 kr. | 74.304 kr. | 16.866 kr. |
| SFSS | 108.648 kr. | 101.597 kr. | 74.304 kr. | 74.304 kr. | 7.051 kr. |
| USK | 114.761 kr. | 114.065 kr. | 107.369 kr. | 107.369 kr. | 696 kr. |
| VEL | 97.726 kr. | 94.313 kr. | 74.304 kr. | 74.304 kr. | 3.413 kr. |
| ÞON | 135.409 kr. | 123.417 kr. | 107.369 kr. | 107.369 kr. | 11.992 kr. |

*Blár litur þýðir að meðalárgjald tækjabúnaðar karla er hærri en kvenna, og gulur litur þýðir að meðalárgjald tækjabúnaðar kvenna er hærri en karla.

# Staða aðgerða úr greiningum 2021-2024



# Greiningar á áætlun 2025

| Svið | Greining |
|---|---|
| SFS | Barnamenningarhátíð |
| | Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum |
| MÍR | Aðsókn og þjónusta á skíðasvæðum |
| | Starfsánægja |
| | Sýnendur og sýningastjórar |
| ÞON | Stafræn Reykjavík |
| VEL | Þjónusta við flóttafólk |
| | Félagslegt húsnæði – biðlistar og úthlutanir |
| | Sérstakur húsnæðisstuðningur – matsviðmið |
| USK | Heilbrigðiseftirlitið |

# Jafnréttisskimanir

- Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2026 – Jafnréttisskimanir vegna nýrra verkefna og helstu áskorana
- Undirbúningur fjárfestingaáætlunar 2026 – Jafnréttisskimanir með tillögum að nýjum verkefnum

# Verkefni sem eru í vinnslu

- Tölfræði um úthlutanir styrkja birt á vef borgarinnar
  - Unnið í samstarfi við ÞON
- Samstarf við HÍ – nemendaverkefni í áfanganum hagnýting jafnréttisfræða
  - Vorönn 2025
- Jafnréttismat á Vogabyggð
  - Samningur við Kveikju

# Takk fyrir!

Sigríður Finnbogadóttir

Verkefnastýra kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

sigridur.finnbogadottir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun

Reykjavík